

## Sjöundi fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 21. ágúst 2013 kl. 14:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

### Viðstaddir:

Erla Ósk Pétursdóttir, fulltrúi SSS

Gunnar Þór Hallgrímsson, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands

Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja

Sigrún Árnadóttir, stjórnarformaður

Sverrir Guðmundsson, fulltrúi Keilis

Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Áfangaskýrslur

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður setursins, fór yfir greinargerð um framkvæmd samnings við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og fyrstu áfangaskýrslu vegna styrks ráðherranefndar um atvinnumál, til þróunar rannsóknastöðvar. Í lok maímánaðar hafði starfsáætlun setursins staðist að öllu leyti og starfið gengið mjög vel. Greinargerðin er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins og má lesa hana í heild sinni þar. Þróun rannsóknastöðvarinnar gengur sömuleiðis vel og samkvæmt áætlun.

Forstöðumaður sagði frá þátttöku setursins og stoðstofnana í Comeniusar verkefni sem Sandgerðisbær og nokkrar stofnanir hans fengu nýlega styrk til að vinna í samstarfi við sveitarfélagið Mänttä-Vilppula í Finnlandi. Þá var námskeiðaskipulag setursins í samstarfi við MSS kynnt en þetta er í annað skiptið sem slík námskeiðalota fer af stað. Rætt var um námskeiðsgjöld en hingað til hafa þessi námskeið og fyrirlestrar verið þátttakendum að kostnaðarlausu. Forstöðumaður taldi mikilvægt að hafa fyrstu tvær loturnar án endurgjalds fyrir þátttakendur í kynningarskygni en í framtíðinni munu þátttakendur þurfa að greiða námskeiðsgjöld, sérstaklega ef námskeið fela í sér efniskostnað. Rætt var um mikilvægi þess að námskeiðin séu í tengslum við stefnu setursins.

Rætt var um mögulega aðkomu setursins að námskeiðum Codlands og samstarfi við Sjávarklasann. Þetta verður skoðað en nýlega komu tveir starfsmenn Sjávarklasans í heimsókn í Þekkingarsetrið.

Rætt var um markaðssetningu rannsóknaaðstöðu setursins meðal erlendra rannsóknastofnana og háskóla, en styrkur fékkst úr Vaxtarsamningi til verksins. Forstöðumaður lagði til að útbúið yrði kynningarmyndband ásamt lesefni sem sent yrði út og leist fundarmönnum vel á það.

## 2. Málþingið Jarðfræði og fræðandi ferðapjónusta

Von er á fimm fræðimönnum í heimsókn frá Ástralíu 23. ágúst. Þeir starfa allir við steingervingasafnið The Age of Fishes Museum og eru sérfræðingar í steingervingum. Í tilefni af komu þeirra var ákveðið að halda málþing í Þekkingarsetrinu um jarðfræði og ferðapjónustu í tengslum við greinina. Fer það fram frá kl. 10:00-12:00 miðvikudaginn 28. ágúst, á setningardeggi Sandgerðisdaga. Að málþingi loknu verður boðið upp á hádegisverð á vægu verði og skoðunarferð um Þekkingarsetrið.

## 3. Dagskrá Þekkingarsetursins á Sandgerðisdögum

Opið verður í Þekkingarsetrinu á Sandgerðisdögum helgina 31. ágúst og 1. september frá kl. 13:00-17:00. Á laugardeginum verður boðið upp á grillaðar pylsur og drykki kl. 13:00. Sjávardýrunum verður svo gefið að borða kl. 15:00. Allan daginn verður hægt að skoða húsnæðið undir leiðsögn starfsmanna setursins. Frítt verður inn alla helgina. Dagskrá setursins hefur verið send skipulagsnefnd Sandgerðisdaganna.

## 4. Uppákoma fyrir bæjarstjórnir og alþingismenn á Suðurnesjum

Talsverðar breytingar hafa orðið á náttúrugripasýningu Þekkingarsetursins síðustu mánuði og starfsemi setursins liðið ár. Á sama tíma hefur orðið endurnýjun í hópi ráðherra og alþingismanna. Mikilvægt er að kynna starfsemi Þekkingarsetursins vel fyrir alþingismönnum kjördæmisins, bæjarstjórnnum sveitarfélaganna á Suðurnesjum og mennta- og menningarmálaráðherra. Stefnt er að því að bjóða þeim í heimsókn við fyrsta tækifæri. Best væri að gera það samhliða kjördæmaviku á Suðurnesjum og mun forstöðumaður kanna möguleika á því.

## 5. Strætó og aðgengi fyrir fatlaða

Forstöðumaður sagði frá því að grunnskólar á svæðinu virtust illa geta nýtt sér strætó til að ferðast á milli sveitarfélaga, meðal annars til að heimsækja Þekkingarsetrið, þar sem strætóinn sem fer á milli er einungis 17 manna og bekkir yfirleitt fjölmennari en það. Ákveðið var að forstöðumaður myndi vekja athygli á þessu við bæjarstjóra Sandgerðis, Garðs og Reykjanesbæjar.

Rætt var um aðgengi að sýningum Þekkingarsetursins fyrir fólk í hjólastól og aðra sem eiga erfitt með að komast upp stiga. Kostnaður vegna stigalyftu er um 3 milljónir króna. Stjórn var sammála um mikilvægi þess að allir eigi kost á að sækja sýningar og uppkomur Þekkingarsetursins. Ákveðið var að skoða þetta betur þegar fjárhagsáætlun næsta árs er tilbúin.

## 6. Stefnumótun

Rætt var um frekari úrvinnslu stefnumótunar sem hófst í mars síðastliðnum. Ákveðið að nýta næsta fund í þá vinnu í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs. Stjórnarformaður og forstöðumaður munu hittast til að undirbúa fundinn sem ráðgert er að halda í október.

## 7. Önnur mál

- a) Rætt var um fatnað fyrir starfsmenn í kynningarskyni og greiðslu fatapeninga. Ákveðið að leita tilboða í kynningarfatnað og að stefna skuli að því að leggja af sérstakar fatapeningagreiðslur en útvega þess í stað hlífðarfatnað í þeim störfum þar sem það á við.

Fundi var slitið kl. 16:10.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

---

Sigrún Árnadóttir - SIGN

---

Erla Ósk Pétursdóttir - SIGN

---

Gunnar Þór Hallgrímsson - SIGN

---

Halldór Pálmar Halldórsson - SIGN

---

Sverrir Guðmundsson - SIGN